



Reykjavík 24.08.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík


Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 22. ágúst 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Vegamótastígur 7 og 9

Lögð fram umsókn Arkþings ehf. dags. 4. júlí 2018 ásamt bréfi dags. 4. júlí 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.171.5 vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Vegamótastíg. Í breytingunni felst að koma fyrir bílastæði fyrir hreyfihamlaða í borgarlandi. Ennig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018. *Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018. Vísað til borgarráðs.*

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjal: bréf dags. 4. júlí 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018.

Varðar: Vegamótastíg 7 – 9, umsókn um breytingu á deiliskipulagi vegna bílastæða f. fatlaða.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júlí 2018 var lögð fram umsókn Arkþings ehf. dags. 4. júlí 2018 ásamt bréfi dags. 4. júlí 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.171.5 vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Vegamótastíg. Í breytingunni felst að koma fyrir bílastæði fyrir hreyfihamlaða í borgarlandi. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.



V: Kort úr borgarvefsjá. Mið og h: Sneiðing úr gildandi deiliskipulagi þ.á.m. breytingar á umfangi kjallara, fyrir og eftir.

Skipulag í gildi:

Í gildi er Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 2013 og birt í B – deild Stjórnartíðinda dags. 26. febrúar 2014. Í gildi er deiliskipulag staðfest í B – deild Stjórnartíðinda þann 11. desember 2016, m. síðari breytingum.

Umsögn:

Óskað er eftir leyfi til að breyta deiliskipulagi og færa fyrirhuguð bílastæði f. hreyfihamlaða úr bílajakallara innan lóðar umsækjanda og yfir á borgarland.

Eftir yfirferð á erindinu er lagt til að tekið verði neikvætt í umsóknina.

Bent er á að borgarland innan hins samþykta deiliskipulags frá 2014 er af skornum skammti, bílastæði við Vegamótastíg falla undir aðliggjandi deiliskipulagssvæði og bílastæði á borgarlandi innan gilandi deiliskipulags eru einungis staðsett við Laugaveg og Klapparstíg.

Fyrir liggja áætlanir og markmið í Aðalskipulagi Reykjavíkur um fjölgun á göngugötum í miðborg Reykjavíkur, fækkun bílastæða og áherslu á samgöngur fyrir gangandi og hjólandi á borgarlandi. Segir í bíla- og hjólastæðastefnu aðalskipulags að bílastæði í miðborg skuli komið fyrir neðanjarðar, í byggingum eða með þeim hætti að þau raski ekki götummynd. Í gildandi deiliskipulagi er heimild fyrir bílajakallara og fyrir liggja tímabundið byggingarleyfi sem sýnir bílastæði fyrir hreyfihamlaða staðsett í kjallara.

Niðurstaða:

Neikvætt sbr. umsögn hér að ofan. Leysa skal bílastæði fyrir hreyfihamlaða innan lóðar.

f.h.

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jón Kjartan Ágústsson, skipulagsfræðingur, verkefnastjóri

Málavextir:

Tveir úrskurðir frá úrskurðanefnd Umhverfis og Auðlindamála liggja fyrir vegna byggingarnefndateikninga sem byggja á skipulagsbreytingu fyrir Vegamótstíg 7-9 (samþykkt og birt í b deild 17.11.2015)

Ekki verða málavextir raktir ítarlega hér en í stuttu máli sagt, þá féll fyrsti úrskurður á því að lágmarkskröfum fyrir hreyfihamlaða væri ekki fullnægt og seinni úrskurður um skilgreiningar á millipalli og bílastæðakjallara.

Óskað er eftir skilmálabreyting fyrir þessa lóð svo hægt sé að miða við töflu byggingarreglugerðar nr. 6.04.

Þegar ekki eru skilgreind almenn bílastæði á lóð bygginga til annarra nota en íbúðar þá gildir tafla 6.04 um lágmarksfjölda bílastæða fyrir hreyfihamlaða. Þegar um fleiri starfsmenn/gesti er að ræða bætist við eitt stæði fyrir hverja byrjaða 200 starfsmenn/gesti.

Tafla 6.04 Bílastæði hreyfihamlaðra sem hlutfell af fjölda starfsmanna og gesta.

Fjöldi starfsmanna og gesta	Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:
1-20	1
21-40	2
41-60	3
61-120	4
121-160	5
161-200	6
201-300	7
301-400	8
401-500	9
501-600	10

Upphaflega var farið af stað með deiliskipulagsbreytingu svo að lágmarka mætti umsvif og aðgerð bílakjallarans.

Umsækjandi telur að þetta þurfi ekki að skapa fordæmi þar sem að skilmálabreytingin yrði m.a. rökstutt úf frá þeim úrskurðum sem undan eru gengir á þessari lóð.

Óskað yrði eftir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða í borgarlandi enda yrði það lausn sem væri aðgengilegri, sýnilegri og betri fyrir notendur sem og götuhlið Grettisgötu

- gangbraut yrði ekki þveruð.

fh. eigenda
 ARKÞing ehf